

1952 nr. 13 31. janúar**Lög um skógræktardag skólafólks**

Tóku gildi 16. febrúar 1952.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutað-eigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkis-ins einn dag á ári.

□ Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuáðstöðu.

□ Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

■ **2. gr.** Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðháttu og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem bestan árangur.

■ **3. gr.** Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóggræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

■ **4. gr.** Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefna- val á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.